

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf,  
Jón Norðfjörð  
Berghólabraut 7  
260 Njarðvík


Reykjavík 7. maí 2018  
UST201803-405/gf  
08.14.02

**Varðar reglubundið fyrra eftirlit 2018 - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja – Kalka**

Þann 27. mars sl. fór fram eftirlit í Sorpeyðingastöð Suðurnesja í Helguvík. Í samræmi við 4. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar um atriði sem betur mega fara voru sett í eftirlitsskýrslu.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Guðbjörg Stella Árnadóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyðingastöð Suðurnesja Kalka, Berghólabraut, Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	27.3.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpeyðingastöð Suðurnesja	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Berghólabraut 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5312780469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Norðfjörð	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0,38.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ingbór Karlsson	<b>Staðsetning</b>	325484,211 396471,342

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en bent var á tvö atriði sem betur mættu fara.

## UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit hjá Sorpeyðingastöð Suðurnesja og hófst eftirlitið á fundi. Jón Norðfjörð og Ingbór Karlsson voru fulltrúar rekstraraðila en Halla Einarsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson voru mætt fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Dagskrá:

1. Lyktir útstandandi frávik frá síðasta eftirliti
2. Loftgæði og dreifing útblásturs frá skorsteini – loftdreifilíkan
3. Sísmælingar og kvörðun mæla
4. Framkvæmdir
5. Gagnaskil
6. Vöktunaráætlun
7. Aðfinnslur og kvartanir
8. Skoðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

1. Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í síðara eftirliti 2017. Snéru þau að magni ryks í útblæstri og magni olíu/fitu í frárennsli. Rekstraraðili brást við og eftir endurmælingar sem bárust í janúar og febrúar sl. reyndist ryk í útblæstri um  $1 \text{ mg/Nm}^3$  og olía í frárennsli stöðvarinnar  $3,2 \text{ mg/l}$ . Bæði gildi vel undir kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili gerði athugasemd við að stök árleg mæling væri notuð sem mælikvarði á losun mengunar frá sorpbrennslunni. Benti var á í eftirlitinu að ósk um breytingu á starfsleyfi þurfi að berast til Umhverfisstofnunar hafi rekstraraðili hug á því.

2. Rekstraraðili skilaði í maí 2017 inn loftdreifilíkani sem verkfræðistofan Vatnaskil vann fyrir nágrenni sorpbrennslunnar. Krafa í starfsleyfi, grein 4.9, er um reykþáf sem skal vera minnst 24 m hár yfir gólfi brennslustöðvarinnar og útblásturshraði skal vera nógu mikill til þess að ekki sé hætt á niðurdrætti í nágrenni stöðvarinnar. Umhverfisstofnun hefur enn ekki lokið skoðun sinni á skýrslu Vatnaskila og á meðan eru ekki gerðar auknar kröfur til útblásturshraða eða hæðar á skorsteini.

3. Sísmælingar á ryki, kolmónoxíði, brennisteinsdíoxíði, vetnisklóríði og TOC (heildarmagn lífræns kolefnis) skulu fara fram í útblæstri og eins skal mæla hitastig í brunahólfi og styrk súrefnis, þrýsting, hita og vatnsgufuinnihald í útblásturlofti. Mælingar hafa farið fram um árabil en rykmælirinn er úr sér genginn, ekki hefur verið hægt að kvarða hann lengi og því er nýr mælir í þögn. Keyptur verður SICK mælir ásamt uppsetningu og kvörðun á honum. Aðrir mælar eru kvarðaðir með þriggja ára millibili, síðast í febrúar 2017. Verkfræðistofan EFLA hefur séð um kvarðanir ásamt viðhaldi á mælunum. Fram kom hjá rekstraraðila að samsetning úrgangs getur haft nokkuð mikil áhrif á losun frá brennslunni. Greinileg áhrif koma fram á haustin þegar sláturúrgangur berst í miklu magni. Vökvainnihald er hátt og raki í ferlinu veldur kólnun í eftirbrennslu og toppum í NOx. Stækka þyrfti safngryfju framan við brennsluhólfid svo hægt væri að auka blöndun úrgangsins áður en hann er fluttur inn í brennsluhólfid og fá þannig jafnari brennslu. Farið er fram á að rekstraraðili upplýsi stofnunina um framgang verksins við endurnýjun rykmælis.

4. Spilliefni skulu geymd þannig að úrkomuvatn komist ekki að þeim, geymd og meðhöndluð á bundnu yfirborðslagi með fráveitu sem tengd er við olíuskilju og söfnunarþró.

Heimilt er að geyma og meðhöndla allt að 90 tonn af botnösku á svæði með bundnu yfirborði og hindra dreifingu botnöskunnar t.d. með byggingu skýlis. Framkvæmdir við byggingu spilliefnageymslu og botnöskuskýlis hafa enn ekki hafist. Verkið var hannað og boðið út á síðasta ári en engin tilboð bárust. Rekstraraðili hefur verið í sambandi við verktaka en enn er samningur ekki í höfn. Áfram verður unnið í málinu og Umhverfisstofnun haldið upplýstri.

5. Farið var yfir gagnaskil rekstraraðila og allar skýrslur og önnur gögn hafa borist. Árlegar mælingar og samantekt á niðurstöðum sísmælinga hafa borist með skilum, frárennismæling barst á síðasta ári, skýrsla um magn og gerð úrgangs og grænt bókhald bárust á réttum tíma. Samantekt skráninga er birt í ársskýrslu rekstraraðila. Vegna misskilnings barst útstreymisbókhald of seint en skilafrestur er 1. maí hvert ár. Útstreymisbókhald barst síðan 30. ágúst sl.

6. Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í þeim tilgangi að það álag á umhverfið sem starfssemin veldur. Vinna við vöktunaráætlun hófst á síðasta ári og ráðist var í díoxín-mælingar á haustmánuðum. Rekstraraðili lagði síðan þann 3. janúar sl. fram tillögu að vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur fjallað um. Athugasemdir stofnunarinnar voru sendar rekstraraðila í febrúar sl. og von er á endurbættri vöktunaráætlun fljótlega.

7. Tvö erindi bárust á síðasta ári sem snerta starfsemi Sorpeyðingu Suðurnesja. Annað snertir geymsla á plastefnum (fiskikerum og gluggaefni) á lóð á horni Hafnarvegur og Ferjutraðar í Reykjanesbæ. Málið hefur verið útskýrt fyrir eftirlitsaðila sem bent hefur á að starfsleyfið heimili ekki geymslu úrgangs á þessum stað og bendir rekstraraðila á að senda inn erindi til Umhverfisstofnunar sé þörf er á þessari geymslu. Hitt erindið er umfjöllun staðarblaðs um geymslu flugösku í lokuðu geymsluhúsnæði að Fitjabraut 10 í Reykjanesbæ. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir geymslunni í starfsleyfi sínu og verður því ekki gerð athugasemd við hana í eftirlitinu.

8. Farið var yfir innsend gögn með rekstraraðila og eins og áður hefur komið fram voru allar mælingar í frárennsli og útblæstri í samræmi við kröfur starfsleyfis. Díoxín í útblæstri mældist þó 0,11 ng/Nm<sup>3</sup> en nákvæmni í mæliaðferðinni er +/- 30%. Það telst því ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi.

9. Farið var í skoðun á geymsluhúsnæði í Njarðvík. Snyrtilegt var um að litast og öryggismál í lagi. Um 170 metrar eru í íbúðarhverfi það sem næst er geymslunni.

#### **ATHUGASEMDIR**

1. Endurnýjun rykmælis í reykháfi.

Farið er fram á að rekstraraðili upplýsi stofnunina um framgang verksins.

2. Bygging spilliefnageymslu og botnóskuskýrlis.

Senda skal stöðuskýrslu til stofnunarinnar.

#### **ANNAD**

Eftirfylgnimáli vegna seinna skila á útstreymisbókhaldi ársins 2016 er lokið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.05.2018

  
Gottskálk Friðgeirsson